

SAMNINGUR UM AFNOT AF HÚSNÆÐI

Garðabær (í samningi þessum nefndur leigusali) leigir Garðatorg 1, Garðabæ af Klasa (í samningi þessum nefndur húseigandi) og framleigir til listamanna (í samningi þessum nefndur leigutaki) undir vinnustofur.

1. Aðilar að leigusamningi

Leigusali: Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ. Kt. 570169-6109

Leigutaki:

Gróska, samtök myndlistarmanna, Hraunbrún, kt. 520510-0440

2. Lýsing á leiguhúsnæði

Staðsetning: Garðatorg 1

Stærð: 116 fm, sjá einnig merkt svæði á meðfylgjandi teikningu.

3. Leigutími

Um er að ræða tímabundinn leigusamning.

Upphaf leigutíma: 26. maí 2016

Lok leigutíma : 1. júní 2019

Áður en samningur rennur út skal skoðað hvort samningurinn verði framlengdur og til hversu langs tíma.

4. Ástand húsnæðis

Leigutaki tekur við hinu leigða í því ástandi sem það er, enda hefur hann kynnt sér ástand húsnæðisins og sættir sig við það.

Við lok leigutímans skal leigutaki skila hinu leigða auðu og hreinu.

5. Viðhald á leiguhúsnæði

Leigutaki skal annast og kosta allt venjulegt viðhald og viðgerð hins leigða húsnæðis, þar með talið málun, en leigusali og húseigandi annast allt stórvægilegt viðhald og viðhald á sameign.

Breytingar á húsnæðinu eru óheimilar nema með sérstöku samþykki leigusala. Allar endurbætur á hinu leigða húsnæði verða eign húseigenda, án endurgjalds að leigutíma loknum. Leigutaka er þó heimilt að flytja með sér innréttingar og annað þess háttar sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins og er ekki veggfast.

6. Rekstrarkostnaður

Híti og rafmagnskostnaður er innifalinn í húsaleigu. Sé leigutaki með orkufrek raftæki ber honum að koma sér upp sérmæli. Ræsting er alfarið á ábyrgð leigutaka. Símakostnaður og annar kostnaður vegna t.d. internettengingar er á ábyrgð leigutaka.

7. Afnot af leiguhúsnæði

Leigutaki skuldbindur sig til þess að ganga vel að öllu leyti um hið leigða, úti sem inni, og bæta allt tjón sem kann að leiða af slæmri umgengni hans eða annarra sem eru á hans vegum í hinu leigða húsnæði. Ef umgengni í séreign eða sameign truflar afnot annarra leigutaka af húsnæðinu verður gripið til viðeigandi ráðstafana ef þörf þykir og getur m.a. leitt til brottrekstrar úr húsnæðinu. Leigutaki skal kynna sér umgengnisreglur um sameign og fara eftir þeim.

Framleiga húsnæðis er óheimil án samþykkis leigusala.

Leigusali á rétt til aðgangs að húsnæðinu til eftirlits eða til að láta framkvæma á því úrbætur.

8. Leigukjör

Leigusali lætur leigutaka húsnæðið í té án endurgjalds, sbr samstarfssamning Garðabæjar og Grósku um samstarf á sviði menningarmála.

9. Uppsögn samnings

Leigusali getur rift samningnum ef leigutaki gengur illa um hið leigða húsnæði, eða brýtur í öðrum atriðum skyldur sínar samkvæmt samningi þessum og sinnir ekki aðfinnslum leigusala. Er þá leigusala heimilt að segja upp húsaleigusamningnum þegar í stað og skal leigutaki þá rýma hið leigða strax.

10. Tryggingar

Leigusali tryggir húsnæðið fyrir bruna og vatnsskemmdum en leigutaki ber ábyrgð á því lausafé, s.s. listaverkum, áhöldum og öðrum innanstokksmunum sem hann kemur með og ber að tryggja það gagnvart bruna, innbrotum og öðrum óhöppum sem kunna að valda tjóni.

11. Önnur ákvæði

Leigutaki skal kynna sér efni þessa samnings um úthlutun vinnuaðstöðunnar og skuldbindur sig með undirritun sinni að hlíta þessum ákvæðum.

Fylgiskjöl:

Teikning af húsnæði

Umgengnisreglur um sameign

Garðabæ, 26. maí 2016

Leigusali:

Leigjandi:

Garðabær

Gróska

Vottar að rétttri undirskrift,
dagsetningu og fjárræði aðila:

kt.

kt.